

## **Reglur um styrktarsjóð vegna endurbóta á vatnsveitum tengdum íbúðarhúsum.**

1. gr.

Sjóðurinn er í eigu Hvalfjarðarsveitar. Í ljósi þess að íbúar hafa misjafnt aðgengi að neysluvatni, sem er einn grunnþáttur í búsetuskilyrðum fólks hefur sveitarstjórn ákveðið að taka þátt í framkvæmdum íbúa til að tryggja neysluvatn (kalt vatn). Hlutverk sjóðsins er að taka þátt í framkvæmdum við endurbætur á neysluvatnslögnum (kalt vatn), borun eða endurbætur við neysluvatnsból sem tengd eru íbúðarhúsum í Hvalfjarðarsveit, sem ekki tengjast opinberum veitum. Það er ekki hlutverk þessa sjóðs að styrkja framkvæmdir vegna framtíðaruppbyggingar eða nýbygginga..

2. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins skal ákveðið í fjárhagsáætlun sveitarsjóðs ár hvert og skal því varið í samræmi við tilgangs sjóðsins. Skipulags- og byggingarnefnd skal annast úthlutanir úr sjóðnum.

3. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúi skal auglýsa opinberlega eftir umsóknum í síðasta lagi 1.mars ár hvert. Í auglýsingu skal taka fram hver séu almenn skilyrði styrkveitinga og hvaða upplýsingar og gögn skulu fylgja umsókn. Umsóknir, ásamt gögnum, skulu berast til skipulags- og byggingarfulltrúa .

4. gr.

Umsóknum skulu fylgja greinargóðar skýringar á ástæðum fyrirhugaðra framkvæmda (þarfagreining), ásamt drögum að verk- og kostnaðaráætlun. Skipulags- og byggingarfulltrúi eða annar sem skipulags- og byggingarnefnd tilnefnir fer yfir umsóknir og getur kallað eftir frekari gögnum eða upplýsingum eftir því sem þurfa þykir. Skipulags- og byggingarfulltrúi gerir að þessu loknu tillögu til Skipulags og byggingarnefndar um viljrði fyrir úthlutun úr sjóðnum að verki loknu. Uppfylli umsókn ekki kröfur sem gerðar eru í reglum þessum skal skipulags- og byggingarnefnd hafna umsókn en umsækjandi hefur kærurétt til sveitarstjórnar í þeim tilvikum.

5. gr.

Umsókn skal hafnað ef:

- Framkvæmdir eru ekki nauðsynlegar til að tryggja núverandi vatnspörf heldur ætlaðar til að mæta vatnspörf vegna framtíðaruppbyggingar
- Fyrirliggjandi gögn benda til að líklegt sé að fyrirhuguð framkvæmd leysi ekki þann vanda sem kallar á framkvæmdir að mati skipulags- og byggingarnefndar.

6. gr.

Sjóðurinn tekur einungis þátt í framkvæmdum sem eru í samræmi við reglur þessar. Hámarksfjárhæð til einstakra framkvæmda getur mest orðið 50% af kostnaði í tilfellum þar sem hvorki t.d. rekstur eða frístundabyggð tengist viðkomandi framkvæmd eða veitu, en getur þó ekki aldrei orðið hærri en nemur 500.000.- kr. Þar sem rekstur eða frístundabyggð tengist viðkomandi veitu getur styrkur mest orðið 25% og ekki hærri en 250.000 kr. Samkvæmt reglum þessum telst rekstur vera fyrir hendi þegar er með rekstur sem tengist veitunni og skilar skattframtali þar að lútandi.

7. gr.

Sjóðurinn tekur ekki þátt í greiðslu þess kostnaðar sem farið hefur fram úr áætlun nema hægt sé að gera grein fyrir eðlilegum skýringum þess kostnaðar að mati skipulags- og byggingarnefndar.

8. gr.

Skilyrði fyrir þátttöku sjóðsins í verkefni og útgreiðslu úr honum er að embætti skipulags- og byggingarfulltrúa, eða annar sem skipulags- og byggingarnefnd tilnefnir, hafi fulla heimild til eftirlits með þeim framkvæmdum sem hann kemur að.

Framkvæmdum skal ljúka innan þeirra tímamarka sem ákveðin eru í verkáætlun. Þó er heimilt að seinka verklokum í samráði við eftirlitsaðila ef aðstæður á verkstað krefjast.

9. gr

Styrkbeiðni skal ekki afgreidd nema styrkþegi skuldbindi sig til að hlíta þeim skilyrðum sem sett eru í reglum þessum.

Sjóðurinn greiðir út að verki loknu.

Að framlögðum reikningum skal eftirlitsaðili skal mæla með því að greiðslur verði inntar af hendi, hafi verið farið eftir þeim áætlunum sem sjóðurinn samþykkti áður en verk hófst, lögum og reglugerðum um viðkomandi framkvæmdir hefur verið fylgt

og framkvæmdum lokið innan tímamarka. Styrkur er ekki greiddur nema slík staðfesting liggi fyrir.

Geti eftirlitsaðili ekki mælt með greiðslu skal ávalt greina styrkþega frá ástæðum þess og veita honum tækifæri til skýringa áður en ákvörðun er tekin. Hafni skipulags- og byggingarnefnd enn útgreiðslu að þeim skýringum gefnum hefur styrkþegi kærurétt til sveitarstjórnar.

---

Reglur þessar voru staðfestar af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar

Hvalfjarðarsveit  
Þann 18. maí 2011